

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á almennum bílastæðum á lóð við Eiríksgötu 5 í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur, í samræmi við c-lið 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, um fullnaðar-afgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, og í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

Að almenn bílastæði á lóð við Eiríksgötu 5, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 8-16.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.


Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 17. desember 2020.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

Fylgiskjal.



Mynd 1. Nýtt gjaldskylt svæði á Eiríksgötu.



Mynd 2. Nýtt gjaldskilyt svæði á Eiríksgötu sýnt í Borgarvefsjá.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2021